

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Garðabær, 9. júlí 2025
202506-0132/A.B.
08.04

Efni: Ósk um umsögn - Framkvæmdarleyfi - Bátalægi utan við Grónes í Reykhólahreppi, Dalabyggð

Vísað er til erindis Reykhólahrepps vegna framkvæmdaleyfisumsóknar fyrir gerð bátalægis á leirum sunnan Gufudals. Erindið barst Náttúruverndarstofnun 25. júní sl. Um er að ræða tillögu frá einkaaðilum um að dýpka fjöruborð á um 3.500 m² svæði með sprengingu og fjarlægingu um 9.000 m³ efnis til að mynda tjörn til bátageymslu sem verður hægt að sigla inn og út úr á öllum flæðum. Framkvæmdin er sögð afturkræf og án varnargarða, en framkvæmdasvæðið er innan leirumhverfis við strendur Breiðafjarðar.

Samantekt – helstu ábendingar stofnunarinnar

- Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar, sbr. lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
- Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar þá eru á stöðum þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.
- Svæðið sem um ræðir eru leirur sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Svæðið er skráð á náttúruminjaskrá sem hluti svæðisins *Norðurströnd Þorskafljarðar*.
- Breiðafjörður er á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) vegna sjófuglabyggða og vegna fjara og grunnsævis.
- Fram kemur í greinargerð að framkvæmdir verði gerðar við leirur sem falla undir festufjörur, en það liggur ekki fyrir neitt mat eða greining á náttúrufari, fuglalífi né verndargildi þessara leira. Samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunar til framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár eru á svæðinu marhálmsgræður og gulþörungaleirur. Marhálmsgræður eru mikilvæg fæða fyrir margæs, álftr og rauðhöfðaönd og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- Náttúruverndarstofnun telur brýnt að farið sé í málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum og fram fari mat á áhrifum á fuglalíf og mat á áhrifum á verndargildi svæðisins áður en leyfi kemur til greina.
- Þá bendir stofnunin á að kalla beri eftir áliti Breiðafjarðarnefndar áður en tekin er afstaða til framkvæmdaleyfis, sbr. 5. og 6. gr. áðurnefndra laga.
- Framkvæmdin er ekki á deiliskipulagi og fellur undir ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.
- Skoða þarf hvort það þurfi að taka mið af lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.
- Meta þarf möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot.

Breiðafjörður

Breiðafjörður er friðaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Í 6. gr. laganna kemur fram að framkvæmdir séu heimilar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, en einungis að þær valdi ekki spjöllum á náttúruminum eða lífríki. Í 6. gr. segir enn fremur að þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir (líkt og á við um framkvæmdasvæðið) séu mannvirkjagerð og jarðrask óheimil nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Í ljósi þess að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér sprengingar og dýpkun fjörusvæðis á verndarsvæði, telur Náttúruverndarstofnun að það þurfi að liggja fyrir faglegt og vandað mat á áhrifum, m.a. með tilliti til lögbundins markmiðs friðunar svæðisins og til verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð, sem nú er í vinnslu.¹ Þá ber að kalla eftir áliti Breiðafjarðarnefndar áður en tekin er ákvörðun, sbr. 5. og 6. gr. laganna. Í kjölfarið þarf að sækja um leyfi til framkvæmda til Náttúruverndarstofnunar.

Leirur

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sem á að breyta sé að mestu klappir. Samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar eru upp við svæðið leirur sem falla undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Gera má ráð fyrir raski á leirum við sprengingar þó uppteiknað framkvæmdasvæði í greinargerð sé ekki á leirum skv. gögnum Náttúrufræðistofnunar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Leyfisveitandi (Reykholahreppur) ber því ríka matsábyrgð og þarf að rökstyðja sérstaklega hvers vegna röskun sé talin nauðsynleg ef svo ber undir og hvort önnur útfærsla komi ekki til greina. Þá ber sveitarfélaginu að tryggja að áhrif framkvæmda verði metin og að gripið verði til mótvægisáðgerða, sbr. 61. gr. laganna.

Fuglalíf

Svæðið er hluti af Breiðafirði² sem er víðfeðmt og mikilvægt fuglasvæði. Þar verpa og hafa viðkomu fjölmargar tegundir votlendis- og strandfugla, m.a. æðarfugl, tjaldur, spói og lóur –sem eru ábyrgðartegundir Íslands³ og njóta friðunar samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd villtra fugla. Röskun á leirum og fjörum á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði getur haft bein áhrif á varp- og fæðusvæði fugla. Breiðafjörður er vitanlega stórt svæði og mögulegt að á framkvæmdasvæði sé fuglalíf snautt. Svæðið er þó umkringgt leirum sem eru ákjósanleg fæðusvæði fyrir fugla og Náttúruverndarstofnun bendir á að með greinargerðatti að fylgja fuglatalning, árstíðabundið mat eða önnur gögn sem styðja fullyrðingu um að „lífríki beri ekki skaða af framkvæmd“.

Náttúruminjasrá

¹ <https://www.breidafjordur.is/2022/ny-verndaraaetlun/>

² <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/breidafjordur-0>

³ Alþjóðleg ábyrgð Íslands miðar við að um 20% af Evrópuþofni reiði sig á landið til varps eða viðkomu

Framkvæmdasvæðið er í jaðri svæðis sem skráð er á náttúruminjaskrá undir heitinu *Norðurströnd Þorskafjarðar*. Skráningin tekur mið af vistgerðum og lífríki fjörunnar. Röskun innan svæðis á náttúruminjaskrá kallar á vandað mat á áhrifum og heildarsýn á samspil framkvæmda við verndarhlutverk skráningarinnar.⁴

Vatnshlot

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í [vatnaáætlun](#). Stofnunin telur mikilvægt að fyrir liggi mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot. Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið [leiðbeiningar](#) um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar er ekki unnt að veita framkvæmdaleyfi fyrir ofangreindri framkvæmd án frekari gagna, s.s.:

- mat á áhrifum framkvæmda á verndarsvæði samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga,
- lýsingu á áhrifum á fuglalíf og vistgerðir,
- rökstudda greiningu á því hvort framkvæmdin sé nauðsynleg, að almannahagsmunir krefjist hennar og hvort hægt sé að velja valkosti sem forða röskun,
- álit Breiðafjarðarnefndar, eins og kveðið er á um í lögum nr. 54/1995,
- áhrifamat framkvæmdarinnar á vatnshlotið.

Stofnunin leggur til að áður en leyfisveitandi tekur afstöðu til umsóknarinnar verði kallað eftir frekari upplýsingum og greiningu með aðkomu fagstofnana, og framkvæmdin metin í ljósi laga um friðun Breiðafjarðar, 61. gr. laga um náttúruvernd, skráningar á náttúruminjaskrá og áhrifamat á leirur og fuglalíf.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri

⁴ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>